

skiptingu. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefndu því að greiða stefnanda $\frac{3}{4}$ hluta tjóns vegna afnotamissis bifreiðarinnar. Stefnandi þykir ekki hafa sýnt fram á að eðlilegt sé hér að greiða fyrir hærri afnotamissi vegna stærðar bifreiðarinnar og hann hefur þegar fengið greiddar kr. 8.000,00. Niðurstaðan er þannig sú að stefndu skulu greiða stefnanda kr. 16.558,00 að frádregnum kr. 8.000,00 með vöxtum eins og í dómsorði greinir.

Rétt þykir með tilliti til þessarar niðurstöðu og að upplýst er að stefndu hafa verið reiðubúnir til að greiða stefnanda skv. samkomulagi tryggingafélaganna bætur miðað við sakarskiptinguna 4/5-1/5, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Berghreinn Þorsteinsson og Almennar Tryggingar hf., greiði stefnanda, Eggert Thorarensen, kr. 8.558,00 með 17% ársvöxtum frá 1. október 1984 til 1. janúar 1985, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí s.á., með 22% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags 7. nóvember 1985 og síðan með hæstu innlánsvöxtum eins og þeir eru við innlánsstofnanir á hverjum tíma til greiðsludags, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. maí 1987.

Nr: 75/1987. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)
gegn

Jóni Helga Bjarnasyni

(Árni Grétar Finnsson hrl.)

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 26. janúar 1987 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur mál það, sem dæmt var í héraði 19. desember 1985, verið dæmt í Hæstarétti hinn 10. desember 1986. Var ákærði dæmdur í 1 mánaðar fangelsi.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þar á meðal ákvæði dómsins um fébætur, en af hálfu ákærða var krafist endurskoðunar á því. Það athugast að lög um dómvexti nr. 56/1979 voru felld út gildi með vaxtalögum nr. 25/1987, en ákvæði héraðsdóms um dómvexti ber eftir sem áður að skilja sem hæstu innlánsvexti eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma.

Ákærði verður dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Jón Helgi Bjarnason, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Árna Grétars Finns-sonar hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. nóvember 1986.

Ár 1986, mánudaginn 10. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 581/1986, sem tekið var til dóms hinn 23. október sl.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari fyrir sakadómi Reykjavíkur með ákæru, dagsettri 15. ágúst sl. á hendur ákærða Jóni Helga Bjarnasyni, Garðastræti 2, Reykjavík, fæddum 16. janúar 1951 á Akureyri, „fyrir tékkafals með því að hafa í aprílmánuði 1986 selt í strætisvagnabiðskýlinu við Suðurgötu í Reykjavík, tékka, útgefinn til handhafa af Daníel Má Ólafssyni á eyðublað nr. 1561678 frá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, dagsettan 16. apríl 1986, eftir að hafa heimildarlaust breytt fjárhæð tékkans úr 500 krónum í 5.000 krónur.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir:

Ákærði fékk hinn 16. apríl sl. lánaðar kr. 500,00 hjá kunningja sínum Davíð (ekki Daníel eins og segir í ákæru) Má Ólafssyni. Afhenti Davíð ákærða tékka að ofangreindri fjárhæð á reikning sinn við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis. Ákærði breytti tékkanum þannig að tilgreind tékka-fjárhæð í tölustöfum og bókstöfum varð kr. 5.000,00. Seldi ákærði tékkann síðan í biðskýli við Suðurgötu og fékk fyrir hann kr. 5.000,00.

Framangreint atferli ákærða er sannað með eigin játningu hans og öðrum gögnum málsins og varðar það við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur sætt refsingum sem hér segir:

- — —
- [Sakavottorð tilgreinir þessa refsidóma:
- 1975 3 mánaða fangelsi fyrir þjófnað o.fl.
- 1977 7 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, fjárdrátt o.fl.
- 1980 60 daga fangelsi fyrir þjófnað
- 1980 45 daga fangelsi fyrir svik
(Hæstaréttardómur í tveimur síðasttöldu málunum: 4 mánaða fangelsi)
- 1981 3 mánaða fangelsi fyrir þjófnað
- 1982 45 daga fangelsi fyrir þjófnað
- 1983 8 mánaða fangelsi fyrir þjófnað
- 1984 3 mánaða fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað, svik o.fl.
- 1985 3 mánaða fangelsi fyrir svik (Hæstaréttardómur í því máli: 1 mánaðar fangelsi)]

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Fyrir liggur í málinu krafa frá Agli V. Sigurðssyni að fjárhæð kr. 5.000,00 auk dómvaxta frá 17. apríl 1986 til greiðsludags. Ákærði hefur samþykkt kröfuna og verður hún tekin til greina.

Að lokum verður ákærði dæmdur til að greiða kostnað máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hrl., kr. 10.000,00.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Helgi Bjarnason, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði greiði Agli Vilhjálmí Sigurðssyni kr. 5.000,00 með dómvöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma frá 17.4. 1986 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hrl., kr. 10.000,00.